

Maron ehf.
kt. 460303-2140
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 27. september 2023

Tilv. 2021-12-22-2958

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Brottkast. Halldór afi GK-222 (1546).

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Halldór afi GK-222, skipaskrárnúmer 1546, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 dagana 20. og 21. desember 2021. Lögskráður skipstjóri í þeim veiðiferðum er mál þetta varðar var X, kt. [...]

Málsvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 14. janúar 2022, að þann 20. desember 2021, um kl. 09:15, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit á Suðurnesjum. Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Halldór afi GK-222 (1546) hafi verið við veiðar á svæðinu og sendu þeir ómannað, fjarstýrt loftfar búíð myndupptökubúnaði (héðan í frá dróni), til að fylgjast með veiðum skipsins. Drónanum hafi verið flogið frá landi við Stafnesvita og flogið um 3 km að skipinu sem var þar við veiðar (GPS 63.971953 N – 22.748598 W). Hafi veiðieftirlitsmenn Fiskistofu fylgst með þremur skipverjum að störfum um borð og voru þeir að draga inn þorskanet og greiða afla úr veiðarfærum á netaborði. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi skipverji sést henda fiski fyrir borð og hafi þá myndupptökubúnaður drónans verið virkjaður, kl. 09:49. Lengd myndbandsins er 09:05 mínútur. Á myndbandinu sést þegar skipverjar varpa þegar veiddum afla aftur í sjóinn, ýmist með því að kasta honum út fyrir borðstokk eða með því að ýta honum út um lensport með fæti, samtals sex (6) fiskum, þ.e. fimm þorskum og einni ýsu.

Í sömu skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 14. janúar 2022, kemur fram að degi síðar, þann 21. desember 2021 um kl. 08:30 hafi veiðieftirlitsmenn aftur verið við eftirlit á Suðurnesjum. Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Halldór afi GK-222 (1546) hafi verið á ný við veiðar á svæðinu og hafi ákveðið að senda ómannað, fjarstýrt loftfar búíð myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Tekið hafi verið á loft frá sama stað við Stafnesvita og flogið um 2,7 km að skipinu og fylgst með þegar þrjár skipverjar voru að störfum um borð og voru þeir að draga inn veiðarfæri. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi skipverjar sést henda fiski fyrir borð og var þá myndupptökubúnaður drónans virkjaður kl. 08:55. Lengd myndbandsins er 12:24 mínútur. Á myndbandinu sést þegar skipverjar varpa þegar veiddum afla út fyrir borðstokk og aftur í sjóinn, samtals tuttugu og sex (26) fiskum, þ.e. 25 þorskum og einni ýsu. Áfram var fylgst með veiðum skipsins og tekin voru upp tvö

myndbönd til viðbótar. Hófst upptaka kl. 09:43, og er lengd fyrra myndbandsins 16:55 mínútur og seinna myndbandsins 05:52 mínútur, sem tekið var upp í beinu framhaldi. Á þeim sést þegar skipverjar varpa þegar veiddum afla út fyrir borðstokk og aftur í sjóinn, samtals tuttugu og sex (26) þorskum.

Á þeim fjórum myndbandsupptökum sem liggja fyrir í málinu sést þegar skipverjar varpa samtals fimmtíu og átta (58) fiskum fyrir borð, þ.e. 56 þorskum og 2 ýsum. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Halldór afi GK-222 (1546) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim framangreindu fimmtíu og átta (58) fiskum sem komið höfðu í veiðarfæri fiskiskipsins dagana 20. og 21. desember 2021.

II. Athugasemdir málsaðila

Í bréfi Fiskistofu, dags. 30. janúar 2023 (tilv. 2021-12-22-2958), var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar og málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Þá var málsaðila jafnframt tilkynnt að stofnunin kæmi til með að kæra meint brot til lögreglu. Var málsaðila leiðbeint um rétt sinn til að neita að bera á sig sök og að hvorki áhafnarmeðlimum né forsvarsmönnum útgerðarinnar væri skylt að tjá sig um meint brot sem til rannsóknar væri hjá Fiskistofu. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir eða andmæli vegna málsins fyrir 15. febrúar 2023.

Þann 7. febrúar 2023 barst erindi frá lögmanni málsaðila. Í kjölfar þess var frestur til andmæla framlengdur og voru gögn málsins jafnframt afhent. Málsaðila sendi Fiskistofu athugasemdir sínar þann 24. febrúar 2023 og gerði þá kröfu að málið vegna meints brottkasts áhafnar fiskiskipsins Halldór afi GK-222 (1546) yrði fellt niður. Þann 29. ágúst 2023 sendi Fiskistofa málsaðila frekari málgögn til stuðnings að um fiskiskipið Halldór afa GK-222 (1546) hafi verið að ræða. Málsaðili sendi Fiskistofu erindi dags. 7. september 2023 með frekari andmælum varðandi málgögn sem Fiskistofa sendi 29. ágúst. Við úrlausn málsins hefur verið tekið tillit til allra andmæla málsaðila, þó ekki sé gerð sértaklega grein fyrir þeim öllum í eftirfarandi ákvörðun. Málsástæður fyrir niðurfellingu máls voru m.a. eftirfarandi:

A. Véfengt að Halldór afi GK-222 (1546) sé skipið á myndbandsupptökunum.

Málsaðili véfengir að myndbandsupptökurnar, sem liggja fyrir í málinu, sýni fiskiskipið Halldór afa GK-222 (1546), þ.s. ekki komi fram í skýrslu veiðieftirlitsmanna hvernig þeir fóru að því að sjá að um væri að ræða það skip eða hvernig sú vitneskja barst þeim.

Fiskistofa bendir á að samkvæmt 2. gr. reglugerðar um fjareftirlit nr. 770/2008 og 2. mgr. 6. gr. a. reglugerðar nr. 80/2013 um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, er öllum íslenskum fiskiskipum skylt að vera búin sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS kerfi). Kerfið sendir með sjálfvirkum hætti upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu. Umrædd eftirlitsstöð sendir svo upplýsingar til vefsvæðisins SiteWatch. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafa því upplýsingar um skip á veiðum og staðsetningu þeirra á vefsvæðinu SiteWatch, áður en farið er í frekara eftirlit.

Þar eru geymdar upplýsingar um feril skipa ásamt staðsetningu í rauntíma. Í skýrslu veiðieftirlitsmanna kemur fram að veiðieftirlitsmenn hafi veitt því athygli að skipið hafi verið við veiðar á svæðinu í venjubundnu eftirliti á Suðurnesjum. Ekki var getið um í skýrslu hvernig sú vitneskja var til komin, en veiðieftirlitsmenn nýta framangreint kerfi við eftirlitsstörf og þannig er þeim ljóst hvar skip eru staðsett í rauntíma. Málsaðila hefur verið afhent gögn sem sýna feril skipsins í umræddum veiðiferðum og feril drónans í samræmi við skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu. Á grundvelli framangreindra gagna telur Fiskistofa að sannað sé að um hafi verið að ræða fiskiskipið Halldór afa GK-222 (1546). Auk þess má sjá skipaskrárnúmerið, 1546 neðarlega á mastri skipsins í tveim hlutum, 15 stjórnborðsmegin og 46 bakborðsmegin, á umræddum myndbandsupptökum. Skipaskrárnúmer fylgir hverju skipi og helst óbreytt meðan það er skráð á Íslandi.

B. Starfsheimildir Fiskistofu. Myndefnis aflað með ólögætum hætti

Málsaðili reifaði í athugasemdum sínum að lög nr. 85/2022 sem heimiluðu veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu, skv. 2. mgr. 2. gr. laga um Fiskistofu, eftirlit með drónum og vinnslu upplýsinga voru ekki samþykkt á Alþingi fyrir en nokkru eftir meinta atburði 20. og 21. desember 2021, en lögin tóku gildi 28. júní 2022. Hafi engin lagaheimild verið til staðar til að framkvæma eftirlit með þeim hætti að veiðieftirlitsmenn hafi verið staðsettir í landi, sent þaðan dróna á haf út til þess að taka upp starfsemi á skipum og nýta gögn sem þannig var aflað til málsmeðferðar í stjórnslumáli. Vísaði málsaðili til þess að upphaf stjórnslumálsins, rannsókn þess og málsmeðferð Fiskistofu hafi ekki samræmst þeim lagaheimildum sem giltu um starfsemi Fiskistofu fyrir setningu laga nr. 85/2022. Bæri því að fella málið niður, enda leiðir af meginreglum stjórnsluréttar að ólögætatar rannsóknaraðgerðir stjórnvalds verða ekki taldar grundvöllur ákvarðanatöku í stjórnslumáli.

Fiskistofa er stjórnslu- og eftirlitsstofnun. Starfsmenn stofnunarinnar sinna hvorki löggæslustörfum né eru handhafar lögregluvalds í skilningi 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Löggjafinn hefur veitt Fiskistofu rúmar heimildir til eftirlits eins og nánar er kveðið á um í lögum um Fiskistofu, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða. Eðli málsins samkvæmt fer eftirlit Fiskistofu með fiskveiðum og vigtun sjávaraflla, fram jafnt á hafi úti sem og í landi. Málaltilbúnaður Fiskistofu byggir á skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu þar sem þeir lýsa því sem þeir upplifa af eigin raun við skyldustörf. Veiðieftirlitsmenn eru sérfróðir opinberir starfsmenn sem hafa bæði reynslu og þekkingu af sjómennsku og hafa enga hagsmuni af úrlausn mála. Eftirlitsaðferðin í umrædd skipti fólst í því að veiðieftirlitsmenn höfðu eftirlit með aðstoð dróna þar sem myndefnið var sýnilegt þeim í rauntíma en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Um var að ræða atviksbundið eftirlit með veiðum skipsins umrædda daga sem var hvorki viðvarandi né endurtekið reglulega og telst því ekki til rafrænnar vöktunar í skilningi laga nr. 90/2018. Þrátt fyrir að meint atvik hefðu ekki verið tekin upp stendur eftir sönnunargildi frásagnar veiðieftirlitsmanna sem mál þetta byggir á.

Fiskistofa hafnar því að rannsóknaraðgerðir stofnunarinnar (og það sönnunargagn sem af þeim aðgerðum leiddu) hafi verið haldnar verulegum annmörkum og af þeim sökum verði þær ekki taldar grundvöllur ákvarðanatöku. Jafnvel þó að til staðar séu hugsanlegir annmarkar á

rannsóknaraðgerðum stjórnvalds, leiðir það ekki til þess að um verulegan annmarka á málsmeðferð sé að ræða sem getur valdið ógildingu stjórnvaldsákvörðunar. Ef rannsóknarregla er brotin veldur það ógildingu ákvörðunar stjórnvalds nema sannanlegt sé að annmarkinn hafi í raun ekki haft áhrif á efni hennar. Í þessu samhengi hvíla ríkar sönnunarkröfur á stjórnvaldi um að meta hvort fyrir liggi orsakasamband milli brots á málsmeðferðarreglu og efni ákvörðunar. Málalíbúnaður Fiskistofu byggir í grunninn á vitnisburði tveggja veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni af skipverjum kasta 58 fiski, sem kom í veiðarfæri skipsins Halldór afi GK-222 (1546) í sjóinn. Var þetta í beinu streymi og getur Fiskistofa ekki litið framhjá því og aðhafst ekkert í andstöðu við lögbundnar skyldur sínar. Þó svo að meint brot hefðu ekki verið tekin upp stendur eftir vitnisburður veiðieftirlitsmanna og skýrsla þeirra. Fiskistofa telur því að hugsanlegur annmarki á þeim rannsóknaraðferðum sem viðhafðar voru í máli þessu myndu ekki breyta niðurstöðu málsins efnislega.

C. Brot gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Málsaðili taldi eftirlit Fiskistofu með dróna ólögmeitt þar sem það stóðst ekki lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Málsaðili telur að sú vöktun sem lögð er fram í ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992 sé í eðli sínu rafræn vöktun og rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 og þurfi Fiskistofa að uppfylla skilyrði þeirra laga. Málsaðili lagði fram þessu til stuðnings úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2021030579 dags. 28. mars 2023. Þar kom fram að vinnsla Fiskistofu á persónuupplýsingum hafi ekki grundvallast á vinnsluheimild og eigi það einnig við í þessu máli. Þá hafi vinnslan hvorki samrýmst meginreglu persónuverndarlaganna um gagnsæi né reglum um fræðsluskyldu. Í ljósi eftirlitsaðferðar Fiskistofu í umræddum veiðiferðum, þ.e. dróna eftirlit með starfandi sjómönnum á hafi úti þeim að óvörum, og án lagaheimildar til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga, mótmælti málsaðili frekari málsmeðferð Fiskistofu.

Þann 7. janúar og 15. febrúar 2021 var tilkynnt á vefsíðu Fiskistofu um þá nýjung að notast við dróna í eftirlit með fiskveiðum. Þar kom fram að eftirlit með notkun loftfaranna myndi nú verða hluti af hefðbundnu eftirliti Fiskistofu. Upplýst var um að Fiskistofa hafi unnið mat á áhrifum vinnslunnar á persónuvernd (MÁP), sbr. 29. gr. laga nr. 90/018 og að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu sem sinna eftirliti með notkun dróna hafi fengið sérstaka fræðslu um persónuvernd. Þá voru erindi Fiskistofu og Persónuverndar birt 19. febrúar 2021 á vefsíðu Fiskistofu í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um notkun dróna í eftirliti Fiskistofu. Fiskistofa hefur komið því opinberlega á framfæri að drónar yrðu nýttir við eftirlit með fiskveiðum. Að þessu leyti hafi umrædd vinnsla persónuupplýsinga Fiskistofu samrýmst 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1.-2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 um gagnsæi og fræðsluskyldu.

Fiskistofa tilkynnti eftirlitskyldum aðilum um breytta eftirlitsaðferð með nýrri tækni í samráði við Persónuvernd eins og að framan er greint. Á þeim tíma sem umrædd eftirlitsaðferð í máli þessu var viðhöfð taldi Fiskistofa hana rúmast innan heimilda stofnunarinnar og að vinnsla á upplýsingum um verknað í þágu eftirlits með fiskveiðum, hafi fallið undir lögbundið hlutverk stofnunarinnar í skilningi 3. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Þeir aðilar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni undirgangast opinbert eftirlit. Um er að ræða leyfisskylda atvinnustarfsemi og þeir sem hana stunda eru meðvitaðir um að veiðar þeirra lúti eftirliti

Fiskistofu. Af þeim sökum verða þeir sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni að þola röskun á friðhelgi sinni eftir þeim sérstöku lagaheimildum er Fiskistofa vinnur eftir við lögbundin eftirlitshlutverk sín. Takmörkun á friðhelgi einkalífsins í þessu ljósi byggir á málefnalegum forsendum um verndun auðlinda hafsins og almannahagsmunir fólgnir í því eftirliti sem Fiskistofa viðhefur. Eftirlitið beinist að takmörkuðum hópi eftirlitsskyldra aðila og var málsaðili að mati Fiskistofu grandsamur eða hefði átt að vera grandsamur um eftirlitið og hafði eftirlitið ekki gengið lengra en nauðsyn bar til í tilviki málsaðila.

III. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr., sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabýrgð einstaklinga eða lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að áhöfn fiskiskipsins Halldór afi GK-222 (1546) varð uppvís að brottkasti á 58 fiskum í tveim veiðiferðum úti fyrir Stafnesvita á Reykjanesi, dagana 20. og 21. desember 2021. Voru fiskunum sem komið höfðu í veiðarfæri skipsins og skylt er að hirða og landa, kastað fyrir borð og aftur í sjóinn.

Athugasemdum og málsástæðum málsaðila hefur verið gerð skil og þeim svarað í II. kafla. Þar er m.a. véfengt að þar hafi verið skipið Halldór afi GK-222 (1546) sem sést í myndbandsupptökum. Þá er lögmati eftirlits og starfsheimildir Fiskistofu dregnar í efa. Umrædd myndbönd styðja við vitnisburð og skýrslur veiðieftirlitsmanna og sýna þegar afla er varpað fyrir borð ásamt skipaskrárnúmeri skipsins. Ferill skipsins og drónans sýni einnig að um skipið hafi verið að ræða. Fiskistofa var í góðri trú að umrætt eftirlit hafi verið innan starfsheimilda sinna. Það hafi ekki verið fyrr en þónokkru síðar sem Persónuvernd mat að vinnsla persónuupplýsinga Fiskistofu stæðist ekki lög um persónuvernd. Þá stendur eftir vitnisburður veiðieftirlitsmanna sem sáu brottkastið í rauntíma. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Halldór afi GK-222 (1546), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem framan er getið, og komið hafði í veiðarfæri, í tveimur veiðiferðum skipsins dagana 20. og 21. desember 2021.

Áhöfn fiskiskipsins Halldór afi GK-222 (1546) dagana 20. og 21. desember hirti ekki og landaði öllum þeim afla, 58 fiskum, sem kom í veiðarfæri skipsins í tilgreindum veiðiferðum, braut sú háttsemi gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. sömu lagagreinar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Í 3. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Að sama skapi telst brot meiriháttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots.

Þegar mat er lagt á þá hagsmuni sem umrædd brot ógna þarf að líta til markmiða laga nr. 57/1996. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallinn að hafa með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila, þar sem verðmeiri og söluvænlegri afli var tekinn að landi en verðminni afla kastað útbyrðis og því er aflamark skipsins ekki nýtt. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnun sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu.

Við mat á alvarleika brota horfir Fiskistofa einkum til þess hvernig verknaðinum var háttáð og fjölda fiska. Litið er til þess að fiski var kastað fyrir borð í umræddum veiðiferðum eftir að hafa verið greiddir úr veiðarfærum á netaborði, þ.e. sex fiskar á 9 mínútum þann 20. desember 2021, 26 fiskar á 12 mínútum og 24 sekúndum og 26 fiskar á rúmlega 22 mínútum (í tveim hlutum) þann 21. desember 2021, samtals 58 fiski. Jafnframt lítur Fiskistofa til þess að um tvær veiðiferðir er að ræða þar sem brotin voru framin á stuttum tíma í hvort sinn.

Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar alvarleg og gefur háttsemi þeirra í umræddum veiðiferðum sterklega til kynna að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttænisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Þess til stuðnings hefur málsaðili áður fengið áminningu (*málsnr. 2021-09-02-2427*) fyrir brottkast. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa einstaklingar sem hafa sjómennsku að atvinnu. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á ábyrgð útgerðaraðila að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann gerir út. Hér sé því um að ræða

meiriháttar brot. Við mat á því hvort að um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða er litið til framangreindra atriða telur Fiskistofa að gögn málsins, þar sem skipverjar kasta fiski ítrekað fyrir borð sé bersýnilegt að umrædd brot hafi verið framin af ásetningi.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varða sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um alvarleg brot sé að ræða, framin á skömmum tíma, og til hagsbóta fyrir málsaðila, og eru brotin ekki talin minniháttar með hliðsjón af magni afla sem varpað var frá borði og fjölda veiðiferða. Af þeim sökum kemur áminning ekki til greina og að mati Fiskistofu væri svipting leyfis til veiða hæfilega ákvörðuð í tvær vikur með hliðsjón af fyrri ákvörðunum Fiskistofu í sams konar málum. Þó nokkur dráttur hefur orðið á málsmeðferð hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki kennt um. Brotin áttu sér stað í desember 2021 og niðurstaða málsins liggur nú fyrir um 21 mánuðum síðar. Þá er fyrra brot sem hefur ítrekunaráhrif í máli þessu. Að því virtu og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni í eina viku, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið, Halldór afi GK-222, skipaskrárnúmer 1546, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7 daga) frá og með 30. október 2023 og til og með 5. nóvember 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26 – 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

Fiskistofa kemur til með að kæra brot málsaðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til lögreglustjórans á Suðurnesjum og óskar þess að þau verði tekin þar til rannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ef til lögreglurannsóknar kemur mun hún fara fram í kjölfar málsmeðferðar Fiskistofu sem nú er lokið með ákvörðun þessari um stjórnsýsluviðurlög. Málalok málsins hjá Fiskistofu bindur ekki lyktir málsmeðferðar sakamáls hjá lögreglu.

F.h. Fiskistofu

